

Pósthólfspjónusta Símans - Skilmálar

Nánari leiðbeiningar um notkun og virkni Pósthólfspjónustu Símans má finna á www.siminn.is.

1. Almennt

Pósthólfspjónustan felur í sér að veita viðskiptavini aðgang að rafrænu pósthólfi fyrir netfang sem viðkomandi hefur fengið úthlutað frá Símanum (hér eftir vísað til sem „þjónustan“). Öll netföng bera endinguna „@simnet.is“, nema samið hafi verið um annað. Lausnin sem þjónustan styðst við er rekin og hýst af hálfu þjónustuaðila Símans á Íslandi, Sensa ehf., sbr. nánari umfjöllun í gr. 10 og 12 í skilmálum þessum.

Í skilmálum þessum er vísað til „viðskiptavinar“ og er þá átt við rétthafa þjónustunnar, en þegar um einstakling er að ræða telst hann sömuleiðis vera „neytandi“ í skilningi laga.

Viðskiptavinur ber ávallt ábyrgð á meðferð síns netfangs (pósthólfs), þ.m.t. í tengslum við greiðslur vegna þjónustunnar, notkun pósthólfsins og efnislegu innihaldi þess.

Þar sem ákvæði skilmála þessara sleppa gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Símans*.

2. Virkjun þjónustu

Pósthólf er virkjað á þjónustuvef Símans, sbr. nánari leiðbeiningar á www.siminn.is og á <https://postur.simnet.is>.

Pósthólf telst virkjað þegar viðskiptavinur hefur valið sér lykilorð (og netfang þar sem við á). Með virkjun á pósthólfi staðfestir viðskiptavinur skilmála þessa og *Persónuverndarstefnu Pósthólfspjónustu Símans*. Slík staðfesting jafngildir samningi milli Símans og viðskiptavinar um þjónustuna.

Í þeim tilvikum sem viðskiptavini stendur til boða að velja sér netfang ber viðskiptavini að gæta þess að velja ekki villandi, misvísandi eða meiðandi netfang, t.d. netfang sem ber með sér heiti ótengds félags eða einstaklings, sbr. einnig gr. 4 í skilmálum þessum.

Neytandi hefur fjórtán daga frest til að til að falla frá samningi um kaup á þjónustunni, nema þjónustan hafi verið virkjuð og notkun þar með hafin á þjónustunni.

3. Notkun

Viðskiptavinur getur nálgast pósthólfið í gegnum vefviðmót Símans, <https://postur.simnet.is>, nema viðskiptavinur setji sjálfur upp pósthólfið í sínum tölvu- eða símabúnaði, sbr. einnig leiðbeiningar Símans á www.siminn.is.

Öll notkun á netfangi og/eða pósthólfi, þ.m.t. allir póstar eða annað efni sem þeir kunna að innihalda, eru alfarið á ábyrgð viðskiptavinar, sbr. gr. 4 í skilmálum þessum.

4. Ábyrgð viðskiptavinar

Viðskiptavini ber að greiða fyrir þjónustuna, sbr. gr. 8 neðar, nema hann hafi falið öðrum aðila að gerast greiðandi þjónustunnar.

Viðskiptavinur ber alfarið ábyrgð á notkun og meðferð síns pósthólfs og netfangs, hvort sem er gagnvart Símanum eða þriðja aðila.

Viðskiptavinur skal gæta þess að óviðkomandi aðili komist ekki yfir aðgangsupplýsingar og/eða lykilorð að pósthólfi í hans eigu.

Gruni viðskiptavini að óviðkomandi þriðji aðili hafi komist yfir aðgangsupplýsingar sínar, komist inn í pósthólf sitt eða jafnvel notað þjónustuna (og þar með netfang) í leyfisleysi, ber viðskiptavini að hafa samband við Símann við fyrsta tækifæri og/eða skipta um lykilorð á þjónustuvef Símans.

Viðskiptavini er með öllu óheimilt að;

- nota þjónustuna í sviksamlegum eða ólöglegum tilgangi, svo sem til að senda svikapóst eða ruslpóst;
- deila eða dreifa efni sem er stolið, ólöglegt eða brýtur almennt gegn lögum (svo sem höfundavarið efni), reglum eða almennu velsæmi;
- deila eða dreifa gögnum sem innihalda vírus eða aðra eiginleika sem getur valdið tjóni á gögnum, búnaði eða þjónustunni, þ.m.t. hjá viðtakanda tölvupósts;
- afrita þjónustuna í heild eða að hluta, breyta, endurþýða eða endurhanna, án þess að hafa aflað sér fyrirfram skriflegrar heimildar Símans, að því marki sem heimilt er að takmarka slíkt með samningi skv. lögum;
- falska, brjóta, skemma, trufla eða með einhverjum hætti hafa áhrif á öryggiseiginleika lausnarinnar;
- brjóta gegn höfunda- eða hugverkarétti Símans eða þjónustuaðila Símans vegna þjónustunnar;
- viðhafa eitthvað sem brýtur gegn skilmálum þessum, lögum og/eða reglum;
- nota netfang sem viðskiptavinur hefur ekki heimild til að nota;

- villa á sér heimildir með einhverjum hætti með notkun netfangsins;
- senda tölvupóst úr pósthólfi ef viðskiptavinur hefur ekki heimild til þess.

Að öðru leyti ber viðskiptavini að fylgja leiðbeiningum og fyrirmælum Símans um notkun lausnarinnar, t.d. varðandi takmarkanir á stærð viðhengis í tölvupósti.

Verði Síminn þess var við að viðskiptavinur brjóti gegn framangreindu eða skilmálum þessum að öðru leyti áskilur Síminn sér rétt til að láta loka fyrir ákveðna notkunarmöguleika lausnarinnar, læsa aðgangi viðkomandi viðskiptavinar að þjónustunni, og/eða rifta samningi þessum, sbr. gr. 9 í skilmálum þessum.

5. Ábyrgð Símans og ábyrgðartakmarkanir

Skyldur Símans samkvæmt skilmálum þessum lúta einungis að viðskiptavini.

Síminn ber ábyrgð á að veita viðskiptavini þjónustuna og tryggja aðgengi að þjónustunni í samræmi við skilmála þessa.

Síminn skal gæta þess að tryggja öryggi þjónustunnar, að því marki sem um ræðir vinnslu sem Síminn ber ábyrgð á, sbr. gr. 10 í skilmálum þessum. Komi í ljós galli á lausninni, sem hefur veruleg áhrif á virkni hennar, ber Símanum að lagfæra, eða láta lagfæra, gallann eins fljótt og unnt er sé slíkt mögulegt.

Síminn ber ekki ábyrgð ef þjónustan eða tiltekin gögn í pósthólfi verða tímabundið óaðgengileg viðskiptavini. Það sama á við um ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis eða rofa á fjarskiptum.

Þá ber Síminn ekki ábyrgð á innihaldi tölvupósta sem viðskiptavinur móttækur eða sendir með þjónustunni, þ.m.t. áreiðanleika upplýsinga eða gagna, sbr. einnig Persónuverndarstefnu Pósthólfspjónustu Símans.

Síminn undanskilur sig allri ábyrgð á hvers kyns tjóni, þ.m.t. óbeinu tjóni, sem viðskiptavinur eða annar á hans vegum kann að verða fyrir við notkun á þjónustunni ef notkunin telst óeðlileg eða óheimil í skilningi skilmála þessara og/eða leiðbeininga Símans. Það sama á við hafi viðskiptavinur notað lausnina með saknæmum eða ólögum hætti.

Ábyrgð Símans, þ. á m. vegna hvers konar mistaka, villna, vanrækslu (svo sem í tengslum við öryggisráðstafanir), truflana, tafa, tjóns eða galla á lausninni, takmarkast við jafnvirði þeirrar þóknunar sem viðskiptavinur hefur sannanlega greitt Símanum fyrir notkun þjónustunnar á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón en þó aldrei meir en kr. 100.000 kr., að því marki sem heimilt er á grundvelli ófrávíkanlegra laga.

6. Aðgengi

Einungis viðskiptavinur hefur heimild til að fá aðgang að þjónustunni, þ.e. því pósthólfi sem viðkomandi virkjaði.

Kjósi viðskiptavinur sjálfur að veita öðrum aðila aðgang að sínu pósthólfi, t.d. afhenda öðrum upplýsingar um lykilorð sitt, ber viðskiptavinur alfarið sjálfur ábyrgð á aðgangi þess aðila að pósthólfinu og eftir atvikum notkun þess.

Í þeim tilvikum sem viðskiptavinur hefur að eigin frumkvæði látið þriðja aðila útbúa sérstaka tengingu eða kerfi til að sækja sjálfkrafa tölvupósta úr pósthólfi sínu og færa í annað pósthólf eru slíkar aðgerðir alfarið framkvæmdar á ábyrgð viðskiptavinar og/eða þriðja aðila sem kann að framkvæma slíkar tengingar á hans vegum.

Í tilviki andláts viðskiptavinar áskilur Síminn sér rétt til að læsa pósthólfi hins látna.

Að öðru leyti vísast til Persónuverndarstefnu Pósthólfspjónustu Símans, varðandi aðgang þriðja aðila að upplýsingum í pósthólfi viðskiptavinar.

7. Réttthafabreyting þjónustu

Viðskiptavini er óheimilt að útvega öðrum réttindi vegna síns pósthólfs (þ.m.t. netfangs), þ.m.t. framselja aðgang sinn til þriðja aðila, nema Símanum berist skrifleg og lögumæt beiðni um réttthafabreytingu. Við slíka réttthafabreytingu mun pósthólfið í heild sinni og í óbreyttri mynd færast yfir til nýs réttthafa, þ.m.t. öll aðgerðarsaga, nema fráfarandi réttthafi kjósi sjálfur að t.d. eyða öllum póstum úr pósthólfi sínu fyrir réttthafabreytingu.

Hafi Símanum borist fullnægjandi réttthafabreyting vegna netfangs verður hinn nýi réttthafi „viðskiptavinur“ í skilningi þessa skilmála. Áskilur Síminn sér rétt til að gjaldfæra nýjan réttthafa fyrir notkun þjónustunnar í samræmi við gildandi verðskrá hverju sinni, sbr. gr. 8 í skilmálum þessum.

8. Verð

Síminn gjaldfærir fyrir þjónustuna í samræmi við verðskrá Símans á www.siminn.is. Hvers kyns verðbreytingar skulu tilkynntar skriflega með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

9. Uppsögn, riftun og lokun þjónustu

a) Uppsögn af hálfu viðskiptavinar

Viðskiptavinur hefur tök á að segja upp þjónustunni hvenær sem er, án þess að slík uppsögn hafi áhrif á

aðrar þjónustur hans hjá Símanum, svo sem internetáskrift.

Áður en notandi segir upp þjónustu ber notanda að gera viðeigandi ráðstafanir til að flytja póst sinn eða vista gögn sín í lausninni á öðrum stað, óski hann þess.

Eigi síðar en einum mánuði frá uppsögn þjónustunnar er pósthólfinu lokað og öllu innihaldi eytt.

b) Uppsögn eða riftun af hálfu Símans

Brjóti viðskiptavinur, eða annar á hans vegum, gegn skilmálum þessum eða *Almennum viðskiptaskilmálum Símans*, svo sem með því að greiða ekki fyrir þjónustuna, áskilur Síminn sér rétt til að takmarka aðgengi viðkomandi að pósthólfinu og/eða rifta samningi þessum og þar með loka pósthólfinu.

Hafi engin hreyfing verið á pósthólfi af hálfu viðskiptavinar (þ.m.t. innskráningar) sl. tólf mánuði áskilur Síminn sér rétt til að segja upp samningi þessum við viðskiptavin og þar með láta loka pósthólfinu.

c) Áhrif uppsagnar/riftunar

Við uppsögn eða riftun þjónustunnar er vakin athygli á að öll gögn í pósthólfi notanda, þ.m.t. allir tölvupóstar, eyðast eigi síðar en að einum mánuði liðnum frá uppsögn/riftun.

Hafi pósthólfi verið lokað verður það með öllu óaðgengilegt. Eyðing pósthólfs og þar með allra gagna og tölvupósta sem það kann að hafa geyma er endanleg aðgerð og óafturkræf.

Netfangi er að öllu jöfnu ekki endurúthlutað til annars viðskiptavinar eftir lokun pósthólfs, nema í algjörum undantekningartilvikum og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skrifleg beiðni þarf að berast Símanum um endurúthlutun netfangs.

10. Upplýsingaöryggi

Síminn gætir þess að öryggi þjónustunnar uppfylli skilyrði laga, að því marki sem vinnsla upplýsinga í tengslum við þjónustuna fer fram á vegum og ábyrgð Símans. Þjónustuaðili Símans, sem er rekstrar- og hýsingaraðili lausnarinnar, tryggir sömuleiðis að öryggi lausnarinnar uppfylli skilyrði laga og reglugerða, þ.m.t. í tengslum við notkun viðeigandi eldveggja og vöktun með óeðlilegum stillingum pósthólfa, í því skyni m.a. að skynja óvenjulega póstvirkni og uppruna hennar og tryggja eftir fremsta megni að smituð viðhengi tölvupósts berist ekki til eða frá pósthólfi eða að póstur verði ekki sjálfvirkur sendur öðrum óviðkomandi aðila.

Til áréttingar skal tekið fram að hvorki Síminn né þjónustuaðili þess vaktar innihald skeyta í pósthólfum.

Vakin er athygli á að notendur eru hvattir til að skipta reglulega um lykilorð og huga að flækjustigi lykilorðsins.

Í þeim tilvikum sem Síminn eða þjónustuaðili lausnarinnar telur brýnt og nauðsynlegt í öryggisskyni að ákveðnir eða allir viðskiptavinir endurstilli lykilorð sín til að komast í pósthólf gæti verið lokað fyrir þjónustuna þar til viðskiptavinur hefur endurstíllt lykilorð sitt.

Síminn áskilur sér rétt til að læsa tímabundið fyrir aðgengi að pósthólfi í ljósi öryggissjónarmiða eða eftir atvikum ef grunur vaknar um öryggisbrest.

Eftirfarandi ráðstafanir eru á meðal þeirra öryggisráðstafana sem þjónustuaðili Símans notar í tengslum við lausnina;

- allur póstur er hýstur hjá þjónustuaðilanum á Íslandi og er þjónustuaðilinn vottaður skv. staðlinum ISO 27001 um stjórnkerfi upplýsingaöryggis;
- netsamskipti að kerfinu eru dulrituð, sé það valið af hálfu viðskiptavinar;
- eldveggir, ruslpóstvarnir og strangar aðgangsstýringar eru viðhafðar;
- regluleg áhættumöt og virk endurheimtunaráætlun fara fram;

upplýsingar um viðskiptavin eða notkun hans á pósthólfinu, þ.m.t. einstakir póstar, eru ekki afhentar eða unnar af þriðja aðila nema skv. skýrri lagaheimild, ákvörðun stjórnvalds eða dómstóla, á grundvelli vinnslusamnings eða með upplýstu samþykki viðskiptavinar, sbr. *Persónuverndarstefnu Pósthólfsþjónustu Símans*.

Viðskiptavinur skal engu að síður vera vakandi fyrir því að smella ekki á vafasama eða sýkta hlekki eða viðhengi sem kunna berast með tölvupósti, í því skyni að verja eftir fremsta megni pósthólf sitt, persónuupplýsingar sínar og búnað sinn.

Einnig er mælt til þess að viðskiptavinir fylgist með grunsamlegum stillingum í pósthólfi sínu sem viðkomandi kannast ekki við, t.d. fyrir sjálfvirka áframsendingu eða eyðingu pósta.

Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um upplýsingaöryggi hjá Símanum á www.siminn.is, t.d. í Upplýsingaöryggisstefnu, Vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis og *Persónuverndarstefnu Símans*.

11. Hugverkaréttur

Allur hugverkaréttur að lausninni er annað hvort eign Símans eða þriðja aðila. Samningur þessi og virkjun/notkun þjónustunnar hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfunda- eða hugverkarétti frá Símanum eða þriðja aðila til viðskiptavinar. Við virkjun pósthólfs, þ.m.t. netfangs, fær viðskiptavinur hins vegar leyfi til notkunar á þjónustunni á samningstímanum.

12. Persónuvernd

Við virkjun og notkun Pósthólfspjónustu Símans er unnið með persónuupplýsingar um viðskiptavin. Í tengslum við þjónustuna vinnur Síminn sameiginlega persónuupplýsingar um viðskiptavinini með Sensa ehf. (einnig vísað til sem „þjónustuaðila“) á grundvelli skriflegs samkomulags um vinnslu persónuupplýsinga hjá sameiginlegum ábyrgðaraðilum. Nánari upplýsingar um skiptingu ábyrgðar milli Símans og Sensa, sem og um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram við notkun þjónustunnar, má nálgast í *Persónuverndarstefnu Pósthólfspjónustu Símans*.

13. Annað

Síminn áskilur sér rétt til að gera tæknilegar breytingar og/eða uppfærslur á þjónustunni þegar þörf krefur, þ. á m. til að bæta lausnina og/eða öryggi hennar. Mun Síminn leitast við, eftir því sem unnt er, að tilkynna viðskiptavininum þjónustunnar um slíkar breytingar fyrirfram í þeim tilvikum sem talið er að þær gætu haft áhrif á aðgengi að þjónustunni og/eða notkun hennar. Munu tilkynningar birtast á www.siminn.is eða með tölvupósti.

Þar sem ákvæðum þessara skilmála sleppir gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Símans*, eins og þeir eru hverju sinni.

Síminn áskilur sér rétt til að hætta bjóða þjónustuna hvenær sem er án sérstakra skýringa. Komi til þess verður viðskiptavinum tilkynnt um það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Að því tímabili liðnu er öllum gögnum viðskiptavinar eytt, þ.m.t. öllum tölvupóstum.

14. Gildistími og skilmálabreytingar

Skilmálar þessir eru gefnir út af Símanum hf. og gilda frá 1. febrúar 2023 og til þess tíma er nýir skilmálar taka gildi.

Síminn áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á þjónustunni. Síminn mun upplýsa viðskiptavininum um allar breytingar á skilmálunum með hóflegum fyrirvara. Samþykki viðskiptavinnur ekki uppfærða skilmála áskilur Síminn sér rétt til að loka fyrir þjónustuna hjá viðkomandi og eyða gögnum.